

Reykjavík 1. desember 2014

Alþingi við Austurvöll  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (gengishagnaður), 304. mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) fagna því að framangreint frumvarp hafi verið lagt fram á Alþingi. SFF telja nauðsynlegt að afnema skattskyldu gengishagnar á innlánsreikningum og taka undir það sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið um að ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga um tekjuskatt gengur þvert á hugmynd um tekjur þar sem tekjur eru eignauki en ekki vegna leiðréttingar við aðlögun í verðmætamælingum. Gengismunur er því hvorki tekjur né gjöld.

Ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga um tekjuskatt á rót að rekja til laga nr. 165/2010 en þá var einnig lögfest ákvæði í 4. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, þar sem innleystur gengishagnaður á innlánsreikningum í erlendri mynt (gjaldeyrisreikningum) var gerður staðgreiðsluskyldur. Með þessu fyrirkomulagi rýrnar inneign á gjaldeyrisreikningi á meðan skuldbinding sem greiða á með gjaldmiðlinum heldur verðgildi sínu. Viðskiptavinir fjármálafyrirtækja sem verða fyrir þessari skattlagningu telja hana afar ósanngjarna.

Nánari umfjöllun um þetta má finna í skýrslu SFF um íþyngjandi séríslensk ákvæði laga og reglna á fjármálamarkaði sem gefin var út í október s.l. og finna má hér: [http://sff.is/sites/default/files/ithyngjandi\\_lagaakvaedi\\_sff\\_2014\\_oktober\\_2014.pdf](http://sff.is/sites/default/files/ithyngjandi_lagaakvaedi_sff_2014_oktober_2014.pdf)

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.